

## SAMÞYKKT

### sveitarstjórnar Grýtubakkahrepps um útvistartíma barna og ungmenna í Grýtubakkahreppi.

#### 1. gr.

Börn, 9 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 21.00 nema í fylgd með fullorðnum.

#### 2. gr.

Börn, sem eru á aldrinum 10 til 12 ára, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22.00 nema í fylgd með fullorðnum enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu.

#### 3. gr.

Börn og ungmenni, sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 23.00 nema í fylgd með fullorðnum enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu.

#### 4. gr.

Á tímabilinu 1. maí til 1. september lengist útvistartími barna og ungmenna um eina klukkustund. Einnig lengist útvistartími barna og ungmenna um eina klukkustund á föstudags- og laugardagskvöldum á tímabilinu 1. september til 1. maí.

#### 5. gr.

Öll aldursmörk samkvæmt samþykkt þessari miðast við fæðingarár.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Grýtubakkahrepps hefur sett skv. 57. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 12. október 1995.*

**Páll Pétursson.**

*Anna G. Björnsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um þorskfisknet.

#### 1. gr.

Heimilt er að stunda veiðar í þorskfisknet með þeim takmörkunum sem ákveðið er í lögum og reglugerðum hverju sinni.

Á eftirgreindum svæðum eru þorskfiskveiðar í net bannaðar allt árið:

- a) Í Faxaflóa innan línu, sem dregin er úr Þormóðsskeri í Gölt.
- b) Á Breiðafirði innan línu, sem dregin er úr Skorarvita (65°24'9 N - 23°57'2 V) um suðvesturhorn Selskers í Eyrarfjall við Grundarfjörð.